

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra sf.

10. fundur stjórnar 18.11.2019


Mættir: Jón Helgi Björnsson, Arnór Benónýsson, Sigurður Böðvarsson, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, Kristján Þór Magnússon, Hafrún Olgeirsdóttir

Hildur Sveinbjörnsdóttir, Áslaug Halldórsdóttir, Ásgeir Böðvarsson

Fundargerð

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
Jón Helgi fór yfir drög frá hönnuði um endurbætur á sjúkrahjálfuninni í Hvammi. Ákveðið að framkvæmdastjóri óski eftir kostnaðaráætlun í verkefnið og þá aðstöðuaukningu sem fyrirhugað er að ráðast í. Stjórn óskar eftir að sú áætlun liggja fyrir á desemberfundi stjórnar. Áslaug Halldórsdóttir fór yfir stöðuna á mönnun heimilisins. Leita þarf leiða til að bæta við umönnunarklukkustundum á árinu 2020 til að mæta álagi við þjónustu á kvöldin og um helgar.
2. Fjármál
JH gerði grein fyrir stöðunni á rekstri stofnunarinnar. Enn er gert ráð fyrir að reksturinn verði í samræmi við fjárhagsáætlun ársins 2019.
3. Erindi frá aðstandendum vegna úthlutunar búseturéttaríbúðar
Formanni stjórnar falið að svara erindinu til samræmis við umræður á fundinum.
4. Uppbygging hjúkunarheimilis
Formaður stjórnar gerði grein fyrir vinnu dómnefndar hönnunarsamkeppninnar sem fyrirhuguð er á næstu mánuðum og þeirrar vinnu sem tengist samkeppnislýsingunni. Sömuleiðis hefur rýnihópur frá HSN og DA unnið að húsrýmisáætlun á undanförunum vikum sem nú liggur fyrir. Það liggur fyrir að taka þurfi tilraunaskurði innan tilvonandi byggingarreits í Auðbrekku á næstunni og stjórn felur stjórnarformanni að hafa milligöngu um að sú framkvæmd fari í gang innan tveggja vikna. Áætlaður kostnaður við þær jarðvegsframkvæmdir er 100-200 þús kr.
5. Önnur mál
Nú nýverið barst gjöf í formi fótisnyrtistóls til Stóru-Markar á Kópaskeri. Stjórn vill koma kærum þökkum til Jóns Grímssonar og Guðnýar Guðnadóttur fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

Fundi slitið kl 17:03.


Hafrún Olgeirsdóttir
Arnór Benónýsson
Aðalsteinn J. Halldórsson